

# Ungmennasambandið Úlfljótur

91. ársþing



Haldið í Nýheimum

29. apríl 2023

## Stjórn USÚ 2023

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Jón Guðni Sigurðsson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Björgvin Hlíðar Erlendsson, varamaður

Hannes Halldórsson, varamaður

## Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Þóra Björg Gísladóttir (fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

## Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

## Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: lá ekki fyrir þegar gengið var frá ársritinu, en Hjalti Þór Vignisson, Hanna María Friðriksdóttir og Einar Sigurjónsson skipa framkvæmdaráð.

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuknattleiksdeild
- Rafíþróttadeild
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Halldóra K. Guðmundsdóttir

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Ungmennafélagið Vísir

formaður: Bjarni Malmquist Jónsson

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Klifurfélag Öræfa

formaður: Íris Ragnarsdóttir Pedersen

*Ungmennafélagin Hvöt og Valur eru ekki starfandi*

## **Dagskrá 91. ársþings USÚ**

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning þingritara
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
7. Álit kjörbréfanefndar
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra
9. Útnefning íþróttamanns ársins 2023 og veiting hvatningarverðlauna
10. Ávörp gesta
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar

### **Þinghlé**

14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu
15. Kosningar
  - a. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara
  - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
  - c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
  - d. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara.
16. Önnur mál
17. Þingslit

## Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2023

90. ársþing USÚ var haldið á Hótel Vatnajökli í Nesjum þann 23. mars 2023. Þingið var vel sótt og mættu 36 fulltrúar af þeim 52 sem áttu rétt á þingsetu frá sjö af þeim níu félögum sem senda máttu fulltrúa. Þórey Edda Elíasdóttir, 1. varaforseti ÍSÍ sótti þingið fyrir hönd ÍSÍ. Þórey Edda sæmdi Gest Halldórsson, fráfari formanni Golfklúbbs Hornafjarðar, silfurmerki ÍSÍ. Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ var einnig mættur fyrir hönd UMFÍ þar sem hann situr í stjórn UMFÍ og sinnir þar starfi ritara. Sigurður Óskar sæmdi Jóhönnu Írisi Ingólfssdóttir, formann USÚ, starfsmerki UMFÍ. Þorlákur Helgi Pálmason var kjörinn íþróttamaður ársins 2022 og einnig voru fimm ungmenni sæmd hvatningarverðlaunum USÚ. Voru það Elín Ása Hjálmarsdóttir, Elín Ósk Óskarsdóttir, Friðrik Snær Friðriksson, Kacper Ksepko og Maríus Máni Jónsson sem hlutu viðurkenninguna að þessu sinni. Stjórn USÚ hélst óbreytt frá fyrra ári. Hannes Halldórsson gaf kost á sér til áframhaldandi setu sem varamaður en Ásta Steinunn Eiríksdóttir gaf ekki kost á sér og í hennar stað kom Björgvin Erlendsson.

Stjórnin hóf strax störf eftir þingið og mætti á þau þing og fundi sem henni bar. 5.-6. maí fór 76. Íþróttþing ÍSÍ fram á Ásvöllum í Hafnarfirði og sat formaður USÚ í allsherjarnefnd. Á þinginu var samþykkt samhljóða tillaga um skipulag íþróttahéraða og stofnun 8 starfsstöðva til stuðnings íþróttahéruðum landsins. 13. maí fór Vorfundur UMFÍ fram í íþróttamiðstöðinni í Laugardal og sat formaður fundinn ásamt öðru forystufólki íþróttahéraða landsins. Gjaldkeri sat fundinn einnig í fjarfundi.

Helgina 20.-22. október fór Sambandsþing UMFÍ fram á Hótel Geysi í Haukadal. USÚ átti þar tvo fulltrúa og var Jóhanna Íris skipaður formaður kjörbréfanefndar og Sigurður Óskar gegndi hlutverki þingritara. Gleðilegt var einnig að Sigurður Óskar var endurkjörinn í aðalstjórn UMFÍ til næstu tveggja ára. Um tímamóta þing var að ræða þar sem niðurstaða komst í áratuga langt samtal um skiptingu lottótekna og hlutverk íþróttahéraða þegar tillögur þess efnis voru samþykktar samhljóða. Það er mikið ánægju efni að íþróttahreyfingin gangi í takt og sýni samstöðu sem þessa á stærstu þingum sem haldin eru innan íþróttahreyfingarinnar.

20. nóvember fór ráðstefnan „Vinum gullið“ fram í Hörpu. Verkefnið er samstarfsverkefni Mennta- og barnamálaráðuneytis, ÍSÍ, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga um mörkun nýrrar stefnu í afreksíþróttum á Íslandi. Formaður ásamt framkvæmdastjóra Sindra sátu ráðstefnuna sem var afar vel sótt.

USÚ veitti styrki á árinu úr bæði Styrktar og afrekssjóði og úr aðalsjóði. Að styðja við starfið innan okkar félaga er okkur mikilvægt og höfum við reynt að hafa það að leiðarljósi að styrkirnir nýtist grasróttinni, iðkendunum og félögunum sem best. Við viljum ítreka mikilvægi og þakka fyrir framlag sveitarfélagsins í Styrktar- og afrekssjóðinn því með aðkomu þess getum við veitt styrki sem virkilega skipta máli.

Í lokin viljum við minna á að á heimasíðu okkar usu.is er hægt að finna lög og reglur sambandsins og upplýsingar um styrktarumsóknir. Einnig er mikið af upplýsingum inn á heimasíðum ÍSÍ og UMFÍ sem geta nýst ykkur í ykkar vinnu. Þá viljum við sérstaklega vekja athygli á heimasíðu samskiptaráðgjafa, samskiptaradgjafi.is en þar er meðal annars hægt að

finna samræmda viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs sem inniheldur til dæmis slysaskýrslu, leiðbeiningar um nýráðningu starfsfólks og sjálfboðaliða og leiðbeiningar um öflun upplýsinga úr sakaskrá. Einnig má alltaf leita til okkar í stjórn USÚ til aðstoðar.

Það er sannarlega gaman að sjá kraftinn í aðildarfélögum okkar sem mörg hver hafa verið í mikilli uppbyggingu síðastliðin ár. Sjálfboðaliðinn spilar þar stærstan hluta og þar eruð þið í fararbroddi. Það er alls ekki sjálfsagt að í litla en samt stóra héraðinu okkar sé þessi kraftur til staðar. Stjórn USÚ er afar stolt af því starfi sem fram fer í héraðinu og eins og endranær eigið þið mikið hrós skilið fyrir ykkar vinnu. Virðing og samvinna eru góð einkunnarorð og með þeim bjóðum við ykkur velkomin á 91. ársþing USÚ.

*Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ*

## **Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2023**

Á árinu 2023 var einu sinni úthlutað úr sjóðnum.

*Þessi hlutu styrki 3. október 2023, samtals 1.835.757 kr.:*

Þuro Stefan Beic vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik,

Tómas Orri Hjálmarsson vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik,

Hilmar Óli Jóhannsson vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik,

Hannes Þór Guðnason vegna æfinga og keppni í mótokrossi,

Ída Mekkín Hlynsdóttir vegna æfinga og keppni í hestaíþróttum,

Elín Ósk Óskarsdóttir vegna æfinga og keppni í hestaíþróttum,

Friðrik Snær Friðriksson vegna æfinga og keppni í hestaíþróttum.

## Ársreikningur USÚ 2023

	2023	2022		<i>Fjárhagsáætlun 2023</i>
Rekstrartekjur				
Lottó	10.641.286	10.773.648		9.000.000
Getraunir	1.087.515	504.521	1)	500.000
Aðrar tekjur	124.500	110.000	2)	80.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>11.853.301</b>	<b>11.388.169</b>		<b>9.580.000</b>
Rekstrargjöld				
Lottó til aðildarfélaga	8.931.375	7.043.401		7.200.000
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	603.711	440.213		450.000
Auglýsingar og heimasíða	28.627	67.104		75.000
Verðlaun	51.460	41.789		50.000
Ferða- og fundakostnaður	370.490	272.116	3)	350.000
Styrkir	1.700.000	858.000	4)	1.000.000
Annar mótakostnaður	124.500	100.939	2)	100.000
Annað	0	62.880		50.000
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>11.811.221</b>	<b>8.886.442</b>		<b>9.275.000</b>
<b>Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði</b>	<b>42.080</b>	<b>2.501.727</b>		<b>305.000</b>
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur	309.467	100.923		150.000
Fjármagnstekjuskattur	-68.082	-22.203		-33.000
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>241.385</b>	<b>78.720</b>		<b>117.000</b>
<b>Hagnaður/Tap</b>	<b>283.465</b>	<b>2.580.447</b>		<b>422.000</b>
 Efnahagsreikningur 31.12.2023				
Eignir				
Bankainnistæður	10.390.152	10.106.687		
<b>Eignir alls</b>	<b>10.390.152</b>	<b>10.106.687</b>		
<b>Eigið fé</b>	<b>7.020.294</b>	<b>6.172.881</b>		
Skuldir				
Ógreitt lottó til aðildarfélaga v. áramót	3.369.858	3.933.806		
Ógreiddir reikningar	0	0		
<b>Skuldir alls</b>	<b>3.369.858</b>	<b>3.933.806</b>		
<b>Skuldir og eigið fé 31.12.2023</b>	<b>10.390.152</b>	<b>10.106.687</b>		

## Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2023

	2023	2022
Rekstrartekjur		
Lottó	603.711	440.213
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	460.000	0
Aðrir styrkir	0	0
Rekstrartekjur alls	1.063.711	440.213

5)

Rekstrargjöld		
Styrkir	1.835.757	1.350.000
Rekstrargjöld alls	1.835.757	1.350.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-772.046	-909.787
----------------------------------	----------	----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	411.645	174.161
Fjármagnstekjuskattur	-90.562	-38.315
Fjármagnsliðir alls	321.083	135.846

Hagnaður/Tap	-450.963	-773.941
--------------	----------	----------

Efnahagsreikningur 31.12.2023

Eignir		
Styrktar- og afrekssjóður	5.440.032	5.890.995
Eignir alls	5.440.032	5.890.995

Eigið fé	5.440.032	5.890.995
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2023	5.440.032	5.890.995
--------------------------------	-----------	-----------

## Skýringar

- 1) Hlutur USÚ í getraunastarfsemi í héraðinu. Samkvæmt 3. efnisgrein 7. gr. laga um getraunir, nr. 59/1972, fær stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.
- 2) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þáttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 3) Kostnaður við USÚ þing 2023 og þá fundi sem USÚ er skylt að mæta á.
- 4) Á árinu 2023 hlaut Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra tvo styrki. Annars vegar 200.000 kr. rekstrarstyrk og hins vegar 500.000 kr. styrk vegna kaupa á skotvél. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hjá Sindra hlaut 500.000 kr. rekstrarstyrk og Golfklúbbur Hornafjarðar hlaut 500.000 kr. styrk vegna kaupa á golfhermi.
- 5) Framlag Sveitarfélagsins 2022 var greitt 2023 og framlagið 2023 var greitt 2024.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.



## Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

### 1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

### 2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

### 3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

### 4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

### 5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

### 6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

### 7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

### 8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda féлага. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu starfsskýrsluskil og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

### 9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
  - Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
  - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
  - Kosning fulltrúa á Ípróttaping (ÍSí þing).
  - Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara, sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

#### **10. gr. Aukaping:**

Aukaping má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarfélaga óskar þess. Tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

#### **11. gr. Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar:**

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði. Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundur skal halda minnst 4 sinnum á ári.

#### **12. gr. Hlutverk stjórnar:**

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

#### **13. gr. Nefndir:**

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

#### **14.gr.**

Sambandið og aðildarfélag þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

### **15. gr. Lagabreytingar:**

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

### **16. gr.**

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

### **17. gr. Gildistaka:**

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

*Lögum þessum var síðast breytt á 90. ársþingi USÚ, 23. mars 2023.*

## **Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ**

### **1. grein**

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

### **2. grein**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirsku afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandsvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

### **3. grein**

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

### **4. grein**

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

### **5. grein**

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

### **6. grein**

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

### **7. grein**

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

### **8. grein**

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

### **9. grein**

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

### **10. grein**

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

## 11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

## Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

### 1. grein – Skipting lottótekna USÚ

Af heildinni fara:

- 15% til USÚ
- 5% í Styrktar- og afrekssjóð USÚ
- 80% til aðildarfélaga

### 2. grein – Skipting lottótekna til aðildarfélaga USÚ

- 20% er skipt jafnt
- 40% er skipt eftir fjölda iðkenda á aldursbilinu 6-16 ára
- 20% er skipt eftir fjölda annarra iðkenda
- 20% er skipt eftir félagsmannafjölda

Tölur yfir iðkendur og félagsmenn miðast við síðustu starfsskýrsluskil á undan.

### 3. grein – Skilyrði fyrir úthlutun

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að félag geti fengið úthlutað lottói:

- Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, til ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
- Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til USÚ fyrir ársþing USÚ hvert ár.
- Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á á ársþing USÚ.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið. Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög samkvæmt 1. og 2. gr.

### 4. grein – Ný aðildarfélög

Ný aðildarfélög USÚ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og að liðin séu a.m.k. tvö ár frá inngöngu þeirra.

### 5. grein – Um úthlutun

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Þessum reglum var síðast breytt á 90. ársþingi USÚ, 23. mars 2023

# Starfskýrslur aðildarfélaga

## Skýrsla aðalstjórnar Ungmennafélagsins Sindra

Aðalstjórn Sindra skipa þriggja manna framkvæmdaráð ásamt formönnum deilda. Í framkvæmdaráði sitja ásamt undirrituðum, Hjalti Þór Vignisson gjaldkeri og Guðbjörg Guðlaugsdóttir ritari.

Framkvæmdaráðið fundaði mjög reglulega og reynt var eftir fremsta megni að hafa formannafund mánaðarlega. Það er afar ánægjulegt hversu starfið er orðið fjölbreytt og ætti því að geta höfðað til fjölbreytts hóps fólks á öllum aldri.

Á fyrra hluta árs má segja að blásið hafi frekar á móti í fjármálum stærstu deilda félagsins en með samstilltu átaki stjórnna þeirra deilda, í samvinnu við framkvæmdastjóra og framkvæmdaráð, var hægt að sigla þeim málum á betri stað. Við þurfum áfram að vera varkár í fjármálum og tryggja að rekstur allra deilda sé í jafnvægi. Í þessu sambandi vil ég þakka öllum okkar styrktaraðilum fyrir stuðninginn. Við leitum til sveitarfélagsins um aukinn stuðning og okkur var mætt af miklum velvilja. Að lokum veitti sveitarfélagið styrk að upphæð 4 m.kr. til að innleiða bókhaldskerfi. Vinna við innleiðingu þess miðar vel og ætti með því að fást betri yfirsýn yfir fjármálin auk þess sem upplýsingagjöf varðandi fjárhagsstöðu deilda verður betri. Þá veitti sveitarfélagið líka vilyrði fyrir stuðningi til að endurnýja bíla í eigu Sindra allt að 6 miljónum króna. Það gríðarlega mikilvægur styrkur til þess að félagið geti veitt iðkendum og þjálfurum félagsins öruggan ferðamáta á ferðalögum sínum. Það er gott að vita hversu hlýtt sveitarfélagið hugsar til okkar og þá verðum við líka öll að rísa undir þeirri ábyrgð sem fylgir slíkum stuðningi og fara vel með okkar fjármuni.

Hirðingjarnir styrktu aðalstjórn um 600.000 krónur sem nýttir voru til kaupa á Live Veo myndavélum fyrir allar deildir. Við eigum svo von á frekari stuðningi frá þeim á árinu. Þetta er ómetanlegt og óeigingjarnt af þeim sem að Hirðingjunum standa og erum við þeim óendanlega þakklát.

Stór breyting varð nú á haustdögum þegar USÚ og ÚÍA sameinuðust um að mynda eitt sameiginlegt hérað í tengslum við auknar fjárveitingar ríkisins til að efla íþróttastarf á landsvísu. Með þessu á að fylgja eitt stöðugildi sem ekki er ljóst hvar verður staðsett. Hins vegar er líklegt að lottótekjur lækki eitthvað því að mótframlag frá ríkinu er lagt til á móti lottótekjum íþróttahreyfingarinnar. Hversu mikil áhrif þessi sameining hefur á félagið á eftir að koma í ljós.

Aðalstjórn ákvað að ráða inn Mariano Ferreyra til verkefna hjá aðalstjórn. Sem áður mun hann sjá um sundþjálfun, frjálssar íþróttir og styrktar þjálfun knattspyrnudeildar en nýbreytnin sem felst í samningnum er að hluta af tíma hans er ráðstafa til að styðja við starf allra deilda með áherslu á að fyrirbyggja meiðslatíðni og aðstoða við endurheimt meiðsla. Hann mun einnig einbeita sér að aldurshópnum 14-18 ára í samvinnu við þjálfara en mikilvægt er að hlúa vel að þessum aldurshóp hvað varðar álag og brottfall.

Ákvörðun var tekin að gera heildarsamning fyrir félagið, að einni deild undanskilið, við heildsöluna Craft um íþróttafatnað fyrir iðkendum félagsins. Hugmyndin með þessu er að geta notað sama fatnað að hluta til fyrir ólíkar greinar ef sami iðkandi er í mörgum íþróttagreinum. Um leið og við fögnum samstarfi við Craft viljum við þakka Jako fyrir langt og farsælt samstarf. Á árinu voru öryggismál bifreiða til umræðu og umhirða bílanna. Nú á haustdögum hefur Robertas Freidgemas aðstoðað við umhirðu og viðhald og þökkum við honum kærlega fyrir. Bílarnir skipta sköpum til að halda kostnaði við ferðir í lágmarki og í raun að hafa tæki á staðnum sem geta flutt íþróttahópa félagsins um landið.

Nú líður senn að endurnýjun samnings við sveitarfélagið og stefnt er að hefja undirbúning að endurnýjun núna í vor. Þegar hefur verið rætt við sveitarfélagið að auka stuðning við afrekshluta

samningsins. Sá peningur rennur að mestu til rekstur meistaraflokka félagsins. Á síðari hluta ársins var ákveðið að miða þann styrk við aldurinn 16-25 ára en áður var aldursbilið mun víðara og tók til 14-40 ára. Reglur um þessar úthlutanir eru ekki meitlaðar í stein og ef vilji er til breytinga að þá er rétt að taka slík mál upp á fundum aðalstjórnar þar sem formenn deilda og framkvæmdaráð sitja. Aðrir þættir samningsins verða vissulega líka til umfjöllunar og er það von okkar að samstarf okkar við Sveitarfélagið og að stuðningur þeirra haldi áfram að vera gott fyrir báða aðila.

Að lokum vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum sem hafa lagt ótrúlega mikla vinnu að baki við rekstur deildanna. Einnig vil ég þakka Margréti Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra, fyrir hennar elju og dugnað og gott samstarf. Mig langar að segja að lokum að ég tel að við getum gert betur með aukinni samvinnu á milli deilda. Ég ætla að vera heiðarlegur með það að talsverð orka hefur farið í deilur á milli aðila en það hefur þokast til mun betri vegar núna á seinni hluta ársins. Það á við nú sem oftast að sameinuðum stöndum vér, sundruð föllum vér. Ég óska ykkur öllum góðs gengis í ykkar mikilvægu störfum og segi áfram Sindri.

Fh. Aðalstjórnar UMF. Sindra.

Gísli Már Vilhjálmsson, formaður.

### **Skýrsla húsnæðisnefndar Sindra 2022**

Við kaup okkar á Heklu hefur rekstur og styrkur félagsins aukist mikið og aðstaðan fyrir félagið lagaðist stórkostlega, en betur má ef duga skal!

Rekstur Heklu árið 2023 var góður, húsið gaf okkur 10 milljónir í tekjur og rekstrarkostnaður er rétt yfir 4 milljónir og viðhald endaði í tæpum 2,5 milljónum. Öll herbergi voru í leigu á síðasta ári og íbúðin okkar fékk nýja leigjendur sem tóku hana í gegn þar sem við greiddum efni og hluta af vinnu sem fór upp í leigu og þökkum við þeim fyrir gott samstarf. Þá hefur knattspyrnudeild einnig unnið margvísleg verk í húsinu og greiðslur fyrir það farið upp í gamla leiguskuld. Við þurfum að hugsa vel um þetta hús því það bætir aðstöðu, ásýnd og brag félagsins.

Fh. Húsnæðisnefndar

Gísli Már Vilhjálmsson

### **Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra**

Núverandi stjórn tók við keflinu í júlí 2023 eftir að fyrri stjórn lét af störfum að eigin ósk. Stjórnina skipa Kristján Sigurður Guðnason formaður, Matthildur Ásmundardóttir gjaldkeri, Sandra Sigmundsdóttir ritari, Steindór Sigurjónsson, Lars Jóhann Imsland Andrésarson og Gunnar Ingi Valgeirsson, meðstjórnendur.

Fjárhagur deildarinnar var afar slæmur en deildin skuldaði um 12 m.kr. eftir síðasta rekstrarár. Verkefni nýrrar stjórnar hafa því að mestu falist í að vinna að bættum fjárhag ásamt því að halda starfinu gangandi. Það hefur verið gert með niðurskurði og einnig fjáröflunum. Þessi vinna hefur gengið vonum fram og náðist að snúa rekstri úr 14 m. kr tapi í 6 m. kr. hagnað á milli ára. Þá hefur einnig tekist að greiða niður skuld til Yngri flokka og að hluta til Aðalstjórnar og mun sú vinna halda áfram á rekstrarári 2024.

Sumarið var Sindraliðunum í meistaraflokkum erfitt. Mfl.kk. féll niður í þriðju deild og Mfl.kvk. endaði í næst neðsta sæti í 2. deild. Sökum rekstrarerfiðleika var ekki mögulegt að sækja fleiri leikmenn

annars staðar frá og því var ekki hægt að styrkja liðin á þann hátt. Óli Stefán Flóventsson lét af störfum sem þjálfari Mfl.kk. eftir sumarið að eigin ósk ásamt Veselin (Veskó) sem þjálfaði Mfl.kvk. með Jóhanni Berg Kiesel. Stjórn knattspyrnudeildar Sindra þakkar þeim fyrir samstarfið á undanförunum árum. Stór tímamót urðu þegar Sindravellir fengu nýtt nafn og heita í dag Jökulfellsvöllurinn. Það er í fyrsta sinn í sögu deildarinnar sem völlurinn ber nafn styrktaraðila og erum við ákaflega spennt fyrir því góða samstarfi til framtíðar. Búið er að ganga frá ráðningu þjálfara fyrir bæði liðin en samið var við Jóhann Berg um þjálfun kvennaliðsins og Jón Karlsson um þjálfun karlaliðsins fyrir komandi leiktíð.

Að lokum þökkum við öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn og sérstaklega viljum við þakka fyrri stjórn fyrir þeirra störf. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum sem hafa stutt okkur og styrkt síðustu ár.

Fh. Stjórn Knattspyrnudeildar Sindra

Kristján S. Guðnason, formaður

## Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

### Starfsemi og stjórn

Starfsemi yngri flokka var með hefðbundnu sniði á árinu 2023. Stjórnina skipuðu Ingólfur Reynisson sem er formaður, Eva Birgisdóttir gjaldkeri, Bergþóra Ágústsdóttir ritari, Guðrún Ása Jóhannsdóttir og Janus Gilbert Stephenson meðstjórnendur.

### Þjálfaramál

Knattspyrnudeildin hefur sem fyrr verið mjög lánsöm með þjálfara, og hefur ríkt stöðugleiki í þjálfaramálum hjá yngri flokkum. Þær breytingar urðu þó síðastliðið haust að bæði Vesko og Óli Stefán létu af störfum, og þökkum við þeim báðum kærlega fyrir vel unnin störf. Jóhann Bergur og Mate Paponja hafa verið áfram með sína flokka auk þess sem Sigurborg Jóna kom aftur inn í þjálfun eftir nokkurra ára hlé. Líkt og síðasta ár Mariano kom inn á árinu sem styrktarþjálfari og reynist það vel.

### Iðkendur, æfingar og mót

Iðkenda fjöldi er svipaður og fyrri ár. Enn er staðan þó sú að fjöldinn í sumum árgöngum er of lítill til að halda úti sér æfingum stúlkna- og drengja. Við slíkar aðstæður er ávallt reynt að finna lausn sem kemur iðkendum fyrir bestu, m.a. í samstarfi við önnur félög. Á síðasta ári ber helst að nefna samstarf okkar við Neista á Djúpvavogi og Austurland, sem hefur gert okkur kleift að halda úti keppnisliðum í mörgum flokkum. Þökkum við þeim kærlega fyrir gott samstarf sem heldur vonandi áfram um ókomin ár. Þá ber einnig að nefna að á síðasta ári voru tveir leikmenn Sindra sem spiluðu sinn fyrsta landsleik.

Thelma Björg Gunnarsdóttir var valin í U15 landslið og hélt til Portúgals með liðinu sínu til keppni og Þuro Stefan Beic var einnig valin í U15 landslið og hélt til Póllands með sínu liðinu. Kristín Magdalena Barboza hélt sínu sæti innan raða U16 og keppti hún fyrir hönd Íslands í Portúgal. Við erum ákaflega stolt af unga fólkinu okkar og þeirra árangri. Öll vinnan í kringum þjálfun og utan umhald er að skila sér til iðkenda okkar og seigla og dugnaður unga fólksins aðdáunarvert.

Allir flokkarnir tóku þátt í stórum mótum eins og Orku- og TM mótunum í Eyjum, Símmótinu og Reykup í höfuðborginni og N1 mótinu á Akureyri. Stóðu liðin sig vel. Einnig tóku flokkarnir þátt í Íslandsmótum auk nokkurra smærri dagsmóta. Það var því líf og fjör eins og venjulega og þeyst um landið þvert og endilangt lungann úr árinu. Sem fyrr er samvinna á milli allra aðila mikilvæg í slíku starfi, og varðandi mótin þá er foreldrasamstarfið einn mikilvægasti hlekkurinn.

Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til. Við í ráðinu þökkum fyrir árið, sérstaklega þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við að halda starfinu góðu og gjöfulu.

Fh. Knattspyrnudeild yngri flokka

Ingólfur Reynisson, formaður.

### Skýrsla blakdeildar Sindra

Árið 2023 var svo sannarlega gott ár fyrir blakdeild Sindra. Við höfum haldið uppi yngri flokkum, meistaraflokki kvenna og karla.

Yngri flokkarnir okkar hafa ekki farið á nein mót þetta árið en hafa vaxið og dafnað vel, á haustönn varð mikil fjölgun iðkenda, sem við tókum fagnandi. Verið er að reyna að fá inn auka æfingu í húsinu fyrir eldri hópinn en hefur reynst erfitt að fá tíma. Cristina okkar hefur haldið áfram sem þjálfari og Jóhanna Björg verið henni til aðstoðar.

Meistaraflokkur karla hefur verið að mæta tvisvar í viku, þeir voru mjög fáir í byrjun árs en veruleg aukning hefur verið í hópnum á haustönninni. Þeir hafa heldur ekki farið í keppni en vonandi tókum við með okkur lið á Öldungamót í ár. Ekki hefur verið þjálfari á launum þar sem mæting hefur verið óstabil. Í kjölfar aukinnar mætingar er verið að skoða, í samráði við þá, breytingar á þessu fyrirkomulagi.

Meistaraflokkur kvenna telur orðið rúmlega 20 iðkendur. Árið var byrjað með byrjendahóp sér en mætingin var ekki mikil svo þær komu inn á meistaraflokksæfingar. Þar af leiðandi er mikil breidd á hópnum sem er áskorun fyrir alla á æfingum.

Liðið kláraði Íslandsmót í 2. deild kvenna og spilaði þar um sæti í efri úrslitakeppni. Þar endaði liðið í 4. sæti deildarinnar af 12 liðum. Haldið var á Öldungamót á Akureyri í lok apríl þar sem liðið spilaði í 2. deild af 15 deildum. Þar enduðu þær í 3. sæti með jafn mörg stig og liðið í 2. sæti og voru því aðeins nokkrum stigum frá að komast upp í efstu deild.

Lokahóf meistaraflokks kvenna var haldið með miklum stæl á Pakkhúsinu og þökkum við þeim kærlega fyrir höfðinglegar móttökur. Þar kom liðið okkar saman og átti mjög ánægjulega kvöldstund saman. Veitt voru ýmsar viðurkenningar með flottum verðlaunabikurum útbúnum hjá FabLab Hornafjarðar.

Haustönn fór vel af stað og voru yfirleitt mættar allt frá 17-23 konur á æfingar og oft þörf að hafa tvo velli á æfingum. Ákveðið var að skrá 2 lið á Íslandsmót, lið í 2. deild og 6. deild. Þannig munu þeir iðkendur sem eru styttra komnir frá verkefni sem hæfir þeim og öðlast þannig reynslu og vera betur tilbúna að koma inn í 2. deildar liðið þegar þar að kemur.

Í nóvember var farið í fyrstu túrneringu til Húsavíkur, 2. deild keppti þar og 6. deild á Laugum. 6. deildin okkar óx með hverjum leik, það var mikil gleði í liðinu og sýndu þær frábæra takta. Allt eins og það á að vera. 2. deildinni gekk mjög vel og enduðu þær í 2. sæti eftir helgina og stefnan tekin á að koma liðinu upp um deild næsta vor.

Cristina hefur haldið áfram með þjálfun með Jóhönnu sér innan handar, þær hafa báðar staðið sig frábærlega og iðkendur afar ánægðir með þeirra leiðsögn. Blakdeildin stendur vel fjárhagslega eftir árið og stjórnin setur stefnuna hátt fyrir þetta nýja ár, 2024 og ætla sér að halda áfram að vaxa og dafna.

Stjórn blakdeildar

Formaður - Jóhanna Björg Jóhannsdóttir



Gjaldkeri - Elsa Gerður Hauksdóttir

Ritari - Nikolína Tintor

Meðstjórnandi – Katrín Birta Björgvinsdóttir

## Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

### Stjórn 2023

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2023 skipuðu Elías Tjörvi Halldórsson formaður, Janine Arens gjaldkeri og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari ásamt þeim Björgvini Erlendssyni, Skúla Ingibergi Þórarinssyni, Hreiðari Braga Valgeirssyni og Jakobi Guðlaugssyni sem meðstjórnendum.

### Meistaraflokkur karla

Starf meistaraflokks karla gekk mjög vel á árinu. Sindri hélt áfram að skila góðum úrslitum í 1. deild og endaði deildarkeppnina í þriðja sæti þriðja árið í röð. Liðið náði heimavallarrétti í úrslitakeppninni en datt því miður út í fyrstu umferð eftir tap gegn Skallagrími. Þrátt fyrir svekkjandi tap þá má segja að liðið hafi með góðum árangri á tímabilinu fest sig í sessi sem eitt að bestu liðum 1. deildarinnar

Undirbúningur fyrir tímabilið 2023-2024 hófst strax í byrjun sumars en Israel Martin hélt áfram störfum sem þjálfari meistaraflokks og yfirþjálfari yngri flokka. Við misstum fleiri heimamenn til annarra liða um sumarið eins og árið áður en aðrir komu aftur. Liðið státar eftir sem áður af öflugum kjarna heimamanna og sterkum hópi aðkomumanna.

Það er þó ljóst að það heldur áfram að vera áskorun fyrir lítið landsbyggðarlið að halda í uppaldaleikmenn en frábært og vaxandi yngri flokkastarf undanfarið ár hefur sem betur fer skilað árangri en ungir og efnilegir leikmenn úr yngri flokkum hafa stigið upp, fyllt í æfingahópinn og spilað með liðinu sem af er tímabils. Framtíðin er björt og ef við okkur tekst að halda uppteknum hætti eru okkur allir vegir færir í framtíðinni. Liðinu hefur gengið prýðilega þar sem af er tímabils og þegar þessi skýrsla er skrifuð situr Sindri í fjórða sæti 1. deildar. Keppni í deildinni hefur verið jöfn og krefjandi sem af er en liðið hefur þegar tryggt sér sæti í úrslitakeppni og hefur góða möguleika á því gera enn betur.

### Annað starf

Starf meistaraflokks kvenna lagðist því miður af á árinu en ljóst er að þar má deildin gera töluvert betur og bindum við vonir við það að hægt verði að koma því starfi aftur í gang.

Bumban heldur sínum sessi sem einn af máttarstólpum deildarinnar. Mæting hefur aukist milli ára og eru æfingar nokkuð vel sóttar. Oftast eru um 10-12 manns á æfingu en hópurinn þó heldur stærri sem lætur sjá sig reglulega.

### Fjármál og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur haldið áfram á vaxa og umsvif hennar aukist. Á árinu var haldið áfram uppteknum hætti við það að taka til í fjármálum deildarinnar og hefur stjórninni tekist gríðarlega vel að greiða niður skuldir og standast við áætlanir sínar. Aðal kostnaðarliðurinn, sem fyrr, hefur verið

meistaraflokkur karla. Körfuknattleiksdeild hefur eins og undanfarin ár leitað ýmissa fjölbreyttra leiða til þess að fjármagna starfið og má þar helst nefna árlega sölu á síld, bolludagsbollum og öðrum tilfallandi fjáröflunum. Gott samstarf við Pakkhúsið um gæslu á Porrablóti Hafnarbúa og Kvinnakór Hornafjarðar um veitingasölu á Sjómannaballi hélt áfram á árinu og Körfuknattleiksdeildin sá um veitingasölu og gæslu í tjaldi á hátíðarsvæði Húmarhátíðar.

Samningur við Endurvinnsluna um rekstur á flöskumóttöku hefur heldur betur verið lyftistöng fyrir fjárhag deildarinnar en þar er um ræða töluverða vinnu og skuldbindingu en að sama skapi tiltölulega öruggar tekjur fyrir deildina allt árið um kring. Frábærum styrktaraðilum Körfuknattleiksdeildar hefur aðeins fjölgað og ljóst er að það helst í hendur við áframhaldandi góðan árangur deildarinnar og auknum meðbyr í samfélaginu.

Körfuknattleiksdeild er nú orðin ein stærsta og öflugasta deild Sindra og hún hefur alla burði til þess að halda því áfram. Iðkendur hafa aldrei verið fleiri og áhugi Hornfirðinga og stuðningur við körfubolta er orðinn töluverður og gríðarleg tækifæri eru fyrir starfið og deildina að halda áfram að vaxa og dafna. Almennt er mæting á heimaleiki meistaraflokks karla mjög góð en að jafnaði koma rúmlega 100 áhorfendur á hvern leik í Ice Lagoon höllina.

Ófullnægjandi aðstaða í núverandi íþróttahúsi er ein helsta áskorun deildarinnar og félagsins í heild. Nýtt og stærra íþróttahús, betri aðstaða til körfuboltaiðkunar og betri aðstaða fyrir áhorfendur er forsenda fyrir áframhaldandi vexti. Nýtt íþróttahús myndi ekki eingöngu þjóna hagsmunum körfuknattleiksdeildar heldur öllum þeim sem nota og vilja nota húsið í dag en fá ekki tíma í stundatöflu sökum plássleysis. Stjórnin vill að lokum þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur bæði í formi fjárhagsstuðnings, vinnuframlags, annars konar stuðnings og þeim fjölmörgu sjálfbodaliðum sem hafa komið að starfinu. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra

Elías Tjörvi Halldórsson

## **Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í körfuknattleik**

### **Skipun nýrrar stjórnar**

Eftir aðalfund Umf. Sindra hittist stjórnin og skipti með sér verkum. Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir óskaði eftir að fara út stjórn og kom Helga Valgerður Friðriksdóttir inn í stjórn á vormánuðum. Jóhanna Íris Ingólfssdóttir hélt áfram sem formaður, Janine Arens hélt utan um starf gjaldkera fram að hausti, en þá tók Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir við og sat Finnur Smára Torfason áfram sem meðstjórnandi. Á yfirstandandi tímabili fundaði stjórnin einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði og oftast ef þörf þótti. Einnig eru haldnir þjálfarafundir einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir starfið.

### **Starfið**

Það sem eftir var af tímabilinu 2022 – 2023 störfuðu sömu þjálfarar og voru ráðnir í byrjun tímabilsins. Liðin héldu áfram að mæta í þá leiki og turneringar sem þau voru skráð á og þá fóru 3-4. bekkur á Nettómót Keflavíkur og Njarðvíkur. Í apríl fór góður hópur frá öllum flokkum á dagsmót á Kirkjubæjarklaustri sem var afar skemmtilegt. Ákveðið var að bjóða upp á gæða æfingar frá lok

keppnistímabils til enda maí og voru þrjú þjálfara sem héldu utan um þær æfingar, Israel Martin, Guillermo Sánchez og Rimantas Daunys.

Í byrjun júní voru haldnar sumarbúðir í samstarfi við Eimskip. Auk Israels og Guillermo var deildin svo heppin að fá Emmu Söldísi Svan, leikmann Hauka og landsliðskonu og Emmanuel Campi, styrktarþjálfara frá Spáni til þess að vera gestþjálfara. Búðirnar gengu afar vel og voru vel sóttar.

Yfir sumarmánuðina fór fram samtal um þjálfaramál með stjórn meistaraflokks. Einnig var ákveðið að skrá til liðs 7., 8., 10., og 11. flokk og hafa aldrei verið skráðir svo margir flokkar í eldri flokkum í körfubolta á Íslandsmót frá Umf. Sindra. Það kallaði á ákveðna áskorun þar sem ljóst var að aukinn leikjafjöldi myndi auka ferðalög bæði keppenda og þjálfara. Eftir töluvert púsl náðist að samræma megnið af útileikjum meistaraflokks og yngri flokka svo hægt var að fækka ferðum þjálfara. Deildin fékk aukinn æfingatíma í íþróttahúsinu úr 50 mínútum í 60 mínútur fyrir elstu 4 flokkana sem var gott skref. Israel Martin hélt áfram að halda utan um yfirþjálfun yngri flokka sem og að þjálfra 7.-11. flokk. Gerður var áframhaldandi samningur við Auðunn Hafdal um að sjá um 3.-4. bekk og 5.-6. bekk og einnig var gerður samningur við Kristján Örn Ebenzerson um þjálfun 1.-2. bekkjar og leikskólabolta. Deildin er afar heppin að hafa þessa tvo heimamenn sem hafa mikinn metnað fyrir sínu starfi.

Áfram var haldið með þá stefnu að hafa tvo þjálfara á hverri æfingu til þess að auka gæði æfinganna. Fjórir leikmenn meistaraflokks höfðu skrifað undir samning um þjálfun sem part af sínum leikmanna samningi í samstarfi við yngri flokka. Samuel Prescott sá um morgunæfingar elstu fjögurra flokkanna, sem voru valæfingar og aðstoðarþjálfun í 5.-6. bekk. Eric Gonzalez sinnti aðstoðarþjálfun hjá 3.-4. bekk og 7.-8. bekk. Lucas Antunez aðstoðaði hjá 10.-11. flokki og Juan Luis Navarro sá um styrktaræfingar hjá 5.-11. flokki. Margrét Kristinsdóttir kom aftur til bjargar og aðstoðaði Kristján á einni æfingu í viku hjá 1.-2. bekk og var hún einnig dugleg við að taka aukaæfingar ef þurfti. Hilmar Óli Jóhannsson var einnig ráðinn aðstoðarþjálfari hjá 1.-2. bekk og voru þau Birkir Snær Ingólfsson, Emilía Alís Karlsdóttir, Arnar Ingi Arens og Hlynur Ingi Finnsson ráðin sem aðstoðarþjálfarar í leikskólaboltanum.

KKÍ óskaði eftir því að tvær tourneringar yrðu haldnar hjá félaginu og varð deildin að sjálfsögðu við því. Tournering hjá 8. flokki fór fram helgina 23.-24. september og helgina á eftir 30. – 1. október fór fram tournering hjá 7. flokki. báðar tourneringarnar tókust í heildina afar vel. Auk leikja og tourneringa hjá eldri flokkum fóru 1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur á Fjölnismótið um miðja önn. Ákveðið var að fresta því að halda Nettómót Sindra sem haldið hefur verið í nokkur ár vegna erfiðleika við að finna helgi þar sem nægur mannskapur var heima til þess að vinna á mótinu. Deildin fór í jólafrí 20. desember en boðið var upp á æfingar þrjú daga á milli hátíða.

Þeir Hilmar Óli Jóhannsson og Birgir Leó Halldórsson voru báðir valdir í lokahópa landsliða í sínum aldursflokki á vormánuðum. Hilmar Óli fór með U15 til Finnlands í keppnis og æfingaferð og Birgir Leo með U18 á bæði Norðurlanda og Evrópumót. Fyrir jólin voru svo Hilmar Óli og Smári Oliver valdir í æfingahóp U16 ára og Birgir Leó í æfingahóp U18.

Með auknum fjölda iðkenda og stækkun deildarinnar hefur verkefnunum fjölgað sem og nýjar áskoranir komið fram og vill stjórnin þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað við starfið á einhvern. Það er frábært að sjá hversu mikill áhugi barnanna er á körfubolta og er markmiðið að halda áfram að byggja upp og bæta starfið enn frekar.

F.h. Yngri flokka Körfuknattleiksdeildar Sindra

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður.

## Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar Sindra

Í stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra eru: Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson formaður, Ingólfur Baldvinsson gjaldkeri, Einar Sigurjónsson ritari og Helga Árnadóttir meðstjórnandi sem og tengiliður við Hlaupahóp Hornafjarðar. Breytingar urðu á stjórn frjálsíþróttadeild Sindra á síðastliðnu ári, Berglind Steinþórsdóttir hætti sem formaður og tók Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson við formennsku. Við þökkum Berglinni fyrir gott starf.

Æfingar hafa verið tvisvar í viku, í Bárunni eða íþróttahúsinu. Æfingarnar fara fram á frjálsíþróttavellinum frá vori fram á haust og er Mariano Ferreyra þjálfari. Það er ánægjulegt að sjá hópinn sem æfir frjálsar stækka og taka framförum, þar skiptir máli að vera með góðan þjálfara. Í frjálsíþróttadeildinni eru um 22 iðkendur á aldrinum 6-15 ára.

Frjálsíþróttadeildin stóð fyrir Sindraleikunum og voru þeir haldnir á fimmtudeginum fyrir Humarhátíð þann 22. Júní. Leikarnir fóru fram í blíðu veðri og var þátttaka góð, stjórnendur frjálsíþróttadeildar og foreldrar hjálpuðust að við að halda utan um mótið og tóku að sér hin ýmsu sjálfboðaliðastörf á vellinum. Rúmlega 50 börn mættu til keppni. Að leikum loknum voru grillaðar pylsur fyrir þátttakendur og aðra sem tóku þátt í leikunum.

Á laugardeginum stóð svo Hlaupahópur Hornafjarðar fyrir viðburðinum „Hlaupið fyrir Horn“ þar sem þátttakendur hlupu um 10 km utanvegahlaup í einstakri náttúru. Stefnt er á að endurtaka leikinn sumarið 2024 og þá eru tvær vegalengdir í boði, 10 km og 21 km hlaup.

Ekki voru skipulagðar mótsferðir síðastliðið ár, mótsferðir hafa verið með tilstuðlan foreldra síðastliðin ár. Nokkur þátttaka var þó á Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki.

Æfingar á næsta starfsári verða með sama hætti, tvisvar í viku ásamt því að þeir sem hafa æft frjálsar íþróttir gefst kostur á að mæta á styrktar æfingar hjá sýnum aldursflokki í knattspyrnu.

Samstarf Frjálsíþróttadeildar og Hlaupahóps Hornafjarðar hefur verið farsælt síðan haustið 2021. Reglulegar æfingar eru allt árið um kring með iðkendur á bilinu 38-42. Þjálfari hópsins er Helga Árnadóttir.

Hlaupahópurinn stendur fyrir mörgum skemmtilegum viðburðum þar sem saman fer góð hreyfing, félagsskapur og útivist í fallegrri náttúru. Iðkendur í hlaupahópnum tóku á árinu 2023 þátt í ýmsum hlaupaviðburðum, eins og Mýrdalshlaupi, Hraunhlaupinu, Hengill Ultra, Akureyrarhlaupi, Laugarvegsmaraþoni, Dyrfjallahlaupi og Austur Ultra.

Hlaupahópurinn er mikilvægur þáttur í félaginu þegar kemur að almennri lýðheilsu og frjálsíþróttir ekki síður mikilvægari fyrir þroska og þróun íþróttamannsins.

Fh. Frjálsíþróttadeildar Sindra

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, formaður.

## Skýrsla fimleikadeildar Sindra

Stjórn fimleikadeildar tók breytingum á árinu og fengum við til liðs við okkur 3 nýja stjórnarmeðlimi og var stjórnin því fullmönnuð og samanstendur af.

Fjólu Hrafnkelsdóttir formanni. Sæunni Borgþórsdóttir gjaldkera. Árdísi Erla Halldórsdóttir ritari Berglind Borgþórsdóttir meðstjórnandi og Helgu Ósk Helgadóttir meðstjórnandi.

Inga Guðmundsdóttir hætti störfum fyrir deildina eftir 10 ára starf sem við þökkum henni fyrir og óskum henni velgengni á nýjum slóðum.

Fimleikadeildin stendur nokkuð vel þjálfaralega séð þó að fleiri mættu bætast í hópinn og hafa stjórnarmeðlimir verið ötulir við að koma inn í þjálfun þegar þurft hefur. Við höfum séð mikla gleði og jákvæðni innan hópsins sem hefur skilað sér inn til iðkenda sem sýna flotta framkomu og framfarir. En alls stunduðu hjá deildinni 116 iðkendur. 67 iðkendur í leikskólafimleikum og 49 í eldri hópum.

Ýmislegt var um að vera hjá deildinni á árinu. Eldri hópurinn fór með tvö lið á tvö mót í fyrra, sem gengu ágætlega og er stefnan tekin á fleiri mót á þessu ári. Einnig var jólasýning þar sem börn frá 4-11 ára sýndu listir sínar með prýði. Við fengum einnig Mika sem var eitt sinn að þjálfra hjá okkur til að koma til okkar með námskeið sem var mjög gagnlegt.

Fimleikadeildin stundar enn þá æfingar inni í Mánagarði og hefur Glacier Journey séð um að keyra iðkendum til og frá æfingum og hefur það gengið með góðri prýði á líðandi önn og vonumst við eftir áframhaldandi akstri hjá þeim. Því vonumst við til þess að Sveitarfélagið Hornafjörður gangi í það verkefni sem fyrst að gera við þau nýja aksturssamning en þeir sjá um kostnað sem hlýst af keyrslu fyrir deildina inn í Mánagarð sem við erum einstaklega þakklát fyrir, enda væri ekki hægt að halda uppi starfi án þess.

Við höldum áfram að deila húsinu með Kvenfélaginu Vöku og Leikfélagi Hornafjarðar, það samstarf getur stundum verið svolítið snúið en með samvinnu og þó nokkrum klukkustundum í að taka niður og setja upp hin ýmsu tæki og tól virkar það ágætlega. Við hjá deildinni vonumst þó til að sjá uppbyggingu íþróttamannvirkja sem allra fyrst svo við verðum samkeppnishæf um þjálfara við aðrar deildir á landinu og svo að ekki verði meira brottfall eldri iðkenda vegna ófullnægjandi aðstöðu deildarinnar og þess að þurfa að hanga í rútu endalaust. Gleður það okkur því að sjá í fjárhagsáætlun að verið sé að leggja pening til hliðar fyrir komandi uppbyggingu íþróttamannvirkja en þangað til óskum við þess að eitthvað af peningur sem er áætlaður í viðhald á eignum sveitarfélagsins fari í að laga loftræstikerfið í Mánagarði sem hefur verið bilað síðustu ár sem veldur því að annað hvort er svo heitt í húsinu að iðkendur og þjálfarar þurfa að fara út að kæla sig á miðri æfingu eða að allir þurfa að vera í lopusokkum á æfingu sem er með eindæmum óheppilegt á æfingum.

F.h. stjórnar

Fjóla Hrafnkelsdóttir, formaður.

## Skýrsla stjórnar Sunddeildar Sindra

Þjálfari var Mariano Ferreyra og aðstoðarþjálfari var Freyja Dís Tjörvadóttir.

Deildin var með æfingar á fyrri hluta árs hjá 1. og 2. bekk saman, 3. til 10. bekk saman og Garpasund. Seinni hluta árs var æfingunum skipt niður þannig að 1. bekkur var sér, 2. og 3. bekkur saman og 4. til 10. bekkur saman. Heilt yfir voru æfingar vel sóttar og brottfall minna í eldri iðkenda hóp en áður og

er það ánægjulegt. Því miður var ekkert innanfélagsmót þetta árið og ekki var heldur farið að keppa eða í æfingarbúðir með börnin.

Fyrri hluta sumars var boðið upp á sundæfingar fyrir skólabörnin en þær voru ekki nægilega vel sóttar. Um sumarið vorum við einnig með tvö tveggja vikna forskólasundnámskeið fyrir tvo elstu árgangana í leikskóla og voru þau mjög vel sótt.

Ný stjórn tók við á vormánuðum og tók Steinunn Hödd við formennsku, Agnes Heiða Þorsteinsdóttir við gjaldkera, Tjörvi Óskarsson við ritara og Þórey Bjarnadóttir og Erla Berglind Antonsdóttir voru meðstjórnendur.

F.h. sunddeildar Sindra,

Þórey Bjarnadóttir, sitjandi formaður í leyfi formanns.

Agnes Heiða Þorsteinsdóttir, gjaldkeri.

### **Skýrsla stjórnar Badmintondeildar Sindra**

Stjórn deildarinnar var óbreytt frá síðasta starfsári.

Stjórnina skipuðu:

Sigurborg Jóna Björnsdóttir, formaður.

Hafrún Eiríksdóttir, gjaldkeri.

Hjörvar Freyr Björnsson, ritari.

Starfið hefur haldið áfram að dafna og iðkendafjöldi aukist eftir að hafa dottið verulega niður í Covid. Virkir iðkendur eru um 15 manns og nokkrir sem hafa mætt endrum og eins. Við höfum haft tíma í húsinu tvisvar í viku á vor- og haustönn og hefur mæting verið góð í miðri viku en færri verið að nýta tímann á sunnudögum. Náðum við einnig að halda út starfi síðastliðið sumar og var mæting sæmleg í þá tíma.

Haldin voru tvö innandeildar mót á árinu, Páskamót og jólamót. Þátttaka var góð á báðum mótum en á jólamótinu tóku 20 manns þátt.

Stefnan fyrir næsta ár er að halda áfram að fá nýja iðkendur inn og bjóða upp á jákvæða heilsuefingu fyrir alla 16 ára og eldri. Einnig er stefnt að því að fara á austurlandið og heimsækja félög þar og taka keppnisleiki við þau.

Fyrir hönd stjórnar,

Sigurborg Jóna Björnsdóttir, formaður.

### **Skýrsla stjórnar rafíþróttadeildar Sindra**

Stjórn Rafíþróttadeildar Sindra starfsárið 2023 skipuðu Róbert Marwin Gunnarsson, formaður, Ottó Marwin Gunnarsson, gjaldkeri, Ragnhildur Lind Borgarsdóttir, ritari, Dagbjört G. Magnúsdóttir varaformaður og Ingibjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi. Starf deildarinnar hélt áfram með sama hætti eftir síðasta aðalfund og vorönn var kláruð með Sölva sem aðalþjálfara, Sævar, Leu, Victoriu og Sólveigu sem þjálfarateymið. Eftir sumarið tóku Lea og Victoría sér svo hlé og var haustönn kláruð án frekari viðbóta í þjálfarateymið.

Til stóð að flytja starfsemina vegna flutninga Eimskipa í æfingaaðstöðu deildarinnar. Skinney-Þinganes brást við með því að útbúa nýja aðstöðu undir líkamsræktarsal Fenris. Af því varð blessunarlega ekki þar sem daginn fyrir flutning skrifaði Eimskip undir leigusamning um annað húsnæði og fékk deildin að vera kyrrt, sem er fagnaðarefni því vel fer um okkur í Viðreisn og mikill kostur við það húsnæði er að krakkar þurfa ekki að ganga yfir neinar götur á leið sinni úr lengdri viðveru í grunnskólanum en deildin deilir lóðarblett með Bárunni.

Sölvi yfirþjálfari hafði tilkynnt um uppsögn frá og með áramótum og varð sú skipulagsbreyting gerð að deildin myndi leitast eftir aðalþjálfara í hærra hlutfalli og reiða sig á hann til að taka meginþorra af allri þjálfun í stað þess að halda utan um teymi með tilheyrandi þúsluspili. Úr varð að Victoría Rós var ráðin sem aðalþjálfari og er starfið á hennar herðum í dag, Vinnuskylda aðalþjálfara er um 80 tímar á mánuði og ásamt þjálfun og skipulagi er unnið að ýmsum verkefnum sem eru í startholunum og má þar nefna dæmi samstarf við FAS (FRÍS).

Meistaraflokkur keppir í Counter Strike og féllu þeir úr annarri deild en sökum þess að lið dróg sig óvænt úr keppni var haldið umspilmót þess að fylla aftur í 2.deild og vann Sindri sig upp á ný og spilar því aftur í 2.deild á nýju keppnistímabili. Tveir leikmenn úr liðinu fóru að spila með Fylki sem féll úr efstu deild niður í 1.deild. Við það varð mikil dreifing á liðinu einnig þegar liðið féll um deild. Fyrir komandi tímabil var fenginn í raðir liðsins fyrrverandi úrvalsdeildar leikmann og er hann góð viðbót við liðið. Á komandi ári er von okkar að efla meistaraflokk í Counter Strike og eignast keppendur á Íslandsmóti í eFótbolta. Þá hefur hópurinn hitt styrktarþjálfara félagsins Mariano Ferreyra með ráðgjöf um líkamlegar æfingar fyrir liðið.

Ljóst er að deildin þarf að auka tölvu flotann en í dag eru til fimm borðtölvur og fimm fartölvur. Deildin verður vel búinn með fimm borðtölvur til viðbótar og einnig er þörf á að eignast stýriþinnu til þess að koma á móts við þá iðkendur sem aðhyllast þeim leikstíl.

Deildin horfir því björtum augum á framhaldið og starfið heldur áfram að vaxa og dafna. Við byggjum miklar vonir á stöðugleika í yngri flokka starfinu með tilkomu nýs yfirþjálfara í hærra starfshlutfalli en áður hefur verið. Ljóst er að starfið mun þó ávallt þurfa góða styrktaraðila og vonumst við til að sú vinna gangi vel á nýju ári.

Fh. Rafíþróttadeildar Sindra

Róbert Marwin Gunnarsson.

### **Starfsskýrsla Ungmennafélagsins Mána**

Starfsemin á árinu 2023 var að mestu með hefðbundum hætti. Lög félagsins voru ekki endurskoðuð eins og til stóð.

Þrettándagleði UMF Mána var haldin föstudaginn 6. janúar og var veður stillt en kallt.

Björgunarfélag Hornafjarðar var að vanda með tilkomumikla flugeldasýningu.

Aðalfundur Mána var haldinn 13. mars og voru 7 manns sem mættu. Ásta Steinunn gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Kosinn var nýr gjaldkeri, Dagbjört Gerður Magnúsdóttir.

Eftir þann fund sitja í stjórn:

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir Bjarnanesi 3, formaður.

Þorgrímur Tjörvi Halldórsson Hraunhóli 8, ritari.

Dagbjört Gerður Magnúsdóttir, Hæðagarði 19, gjaldkeri.

Varamenn:

Elías Tjörvi Halldórsson, Hraunhóli 8.

Hannes Halldórsson, Silfurbraut 4.

90. ársþing USÚ var haldið 23. mars á Fosshótel Vatnajökli og á hann mættu 5 fulltrúar frá Mána.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur. Hátíðarhöld voru með hefðbundnum hætti. Gengið var frá Mánagarði í átt að Borgum. Þaðan var gengið í átt að hesthúsahverfinu áður en farið var til baka að Mánagarði. Það var örlítil gola en menn höfðu gaman af. Þegar komið var aftur í Mánagarð bættist í hópinn, bæði félagsmenn og aðrir sem voru staddir á ættarmóti í Mánagarði. Lúðrasveit barna kom og spilaði. Farið var í leiki, naglaboðhlaup, reipitog, fótbolta og pokahlaup svo eitthvað sé nefnt. Þá voru grillaðar pylsur og að lokum flugu karamellur ofan af þakinu á Mánagarði, öllum viðstöddum til mikillar gleði.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá sunnudaginn 3. desember en engin sérstök dagskrá var í kringum það. Jólatréð kom frá Kiwanisklúbbnum Ósi og var í stærri kantinum þetta árið. Því var fjárfest í nýjum seríum til að bæta við þær sem fyrir voru til að ná utan um tréð.

Skýrsla þessi var rituð af stjórnarmeðlimum:

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir, formaður

Dagbjört Gerður Magnúsdóttir, gjaldkeri

Þorgrímur Tjörvi Halldórsson, ritari

### **Starfsskýrsla Ungmennafélags Öræfa**

Föstudaginn 20.janúar hélt Leik-og Grunnskólinn í Hofgarði þorablót í Hofgarði og UMFÖ var samstarfsaðili, enda er þetta skemmtun sem fellur vel að markmiðum félagsins. Eftir að gestir höfðu gætt sér á veitingum voru sungin nokkur þorralög og farið í leiki. Gestir voru um 50 talsins.

Helgina 3-4.febrúar var Svava Sigurðardóttir með jóga og Sigrún Ingólfsdóttir hélt körfugerðarnámskeið í Hofgarði. Þátttakan var fín og bæði námskeiðin voru mjög skemmtileg. Það voru átta sem tóku þátt í jóga og 10 á körfugerðarnámskeiðinu.

4.mars var Góuhóf haldið í Hofgarði. Góuhófið er vissulega sjálfstæður viðburður sem stjórnað er að góunefnd sem kosin er árlega. Samt sem áður er samkoman rekin á kennitölu UMFÖ og því ekki úr vegi að minnast á þessa óviðjafnanlegu skemmtun hér í starfsskýrslunni.

15.mars var aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði. Tíu manns sóttu fundinn og voru umræður bæði líflegar og uppbyggilegar.

23.mars var USÚ þing haldið í Nesjum. UMFÖ átti tvo fulltrúa á þinginu, sem voru Lóa Þórðar og Sigrún. Á þinginu var m.a. breytt úthlutunarreglum fyrir Lottó.

1.apríl var Svava Sigurðardóttir jógakennari með jóga í Hofgarði. Upphaflega stóð til að hafa fleiri jógatíma vegna þess að Svava var stödd í Svínafelli í viku, en því miður voru veðurguðirnir ekki með



okkur í liði og þjóðveginum var lokað vegna hvassviðris. Það voru þó nokkuð mörg sem sýndu áhuga og vonandi verður hægt að endurtaka leikinn síðar.

16.apríl var haldinn markaðsdagur í Hofgarði. Þetta var samstarfsverkefni UMFÖ með Leik- og Grunnskólanum í Hofgarði, liður í átakinu Hornafjörður-náttúrulega. Þangað mættu allir sem vildu og settu fatnað og ýmsa muni á borð í salnum sem komið hafði verið fyrir í þessum tilgangi. Nokkrir aðilar skráðu sig með borð og það myndaðist skemmtileg stemming þar sem gestir völdu sér eigulega muni og gæddu sér síðan á ljúffengum rjómvöflum sem þær Guðný og Svanhvít höfðu bakað.

17.júní var þjóðhátíðardeginum fagnað með hátíðahöldum í Svínafelli. Svanhvít Helga Jóhannsdóttir, Guðný Diljá Helgadóttir og Sunneva Björk Helgadóttir höfðu umsjón með samkomunni og stýrðu leikjum. Mæting var kl.14 og gengið upp að Ungmennafélagslundinum. Þar var indælt að tylla sér niður og hlusta á ljóðalestur: Svanhvít, Guðný og Sunneva lásu hver um sig eitt ljóð, síðan var fjöldasöngur og þá las Birna Ólafía Jónsdóttir(dóttir Bryndísar Jóns) ljóð og loks flutti Gunnþóra Gunnarsdóttir ljóð eftir minni. Bræðurnir Jón Karl og Haukur Snorrason flugu yfir hátíðasvæðið og köstuðu niður karamellum sem ungir og gamlir skemmtu sér við að leita uppi og þegar allir höfðu fengið nægju sína af leikjum gæddu gestir sér á safe eða kaffi, kexi og grilluðum pylsum sem Hólmfríður Guðlaugsdóttir og Halldóra Oddsdóttir reiddu fram. Þátttakan var með mesta móti, yfir 80 manns. Þar munaði áreiðanlega um að Steini í Skaftafelli og Anna María höfðu skipulagt samkvæmi í Hofgarði um kvöldið, fyrir núverandi og brottflutta íbúa í Örfum ásamt fólki sem hafði verið hér í sveit, þess vegna voru ýmsir komnir í Örfum sem annars hefðu tæplega verið staddir hér annars.

Í júlí héldu Sofia Fin og Hilmar Sigurjónsson reiðnámskeið í Svínafelli, UMFÖ styrkti verkefnið. Allir nemendur Grunnskólans í Hofgarði sóttu námskeiðið ásamt fleiri börnum sem hafa tengingar í Örfum, bæði börn og hestar stóðu sig með mikilli þryði.

9.júlí hófst lota í Acro Yoga í Hofgarði, æfingartímabilið stóð til 26.ágúst. Tomasz Kaliszak acroyogakennari stýrði tímunum og að jafnaði voru það 12-13 sem mættu til að gera æfingar. Acro Yoga byggist á styrktaræfingum og jafnvægi, yfirleitt eru það tveir sem gera æfinguna í félagi með 1-2 aðstoðarmenn sem eru reiðubúnir að grípa ef sá þeirra sem er í loftfímleikunum missir jafnvægið. Það var ánægjulegt að fá svona breiðan hóp þátttakenda, bæði úr hópi rótgrónna Örfinga og fólksins sem hefur flutt hingað til að starfa í ferðaþjónustu og þar var um starfsfólk margra fyrirtækja að ræða.

13.-14.október Örfingakórinn undir stjórn Steinu hóf starfsemi að nýju, með opnum æfingum í Hofgarði. Steinunn Björg Ólafsdóttir er með gráður í söng og sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi frá Listaháskóla Íslands og hún hefur tekið að sér að stýra söngstarfi í Örfum í vetur. Auglýst var reglulega á ýmsum miðlum og á fjölbreyttum vettvangi að öllum væri velkomið að taka þátt og einnig var haft samband við ýmis fyrirtæki sem eru starfandi hér og óskað eftir því að þetta væri auglýst í hópi starfsfólks. Þegar skýrslan er skrifuð (í mars 2024) hafa 17 mætt á æfingar, sum hafa komið reglulega en aðrir stopulla. UMFÖ fór í prufuáskrift að forritinu ChoirMate: þar setti Steina inn lögin sem við erum að æfa og kórfélagar geta hlustað á Steinu syngja hvert lag, í þeirri rödd sem óskað er eða allar raddir saman, með eða án undirleiks. Það hefur verið afar ánægjulegt að fá tækifæri til að geta æft sig heima með hjálp þessa forrits og einkum hefur það komið sér vel þegar eitthvað hefur staðið í vegi fyrir því að maður komist á söngæfingu. Stefnt var að því að vera með viðburð í apríl og Daniel Saulite tók að sér að spila með kórnum á viðburðinum.

27.desember – jólaballið haldið í Hofgarði á annan í jólum. Að þessu sinni var leitað álits hjá foreldrum barna í Örfum með dags- og tímasetningu og niðurstaðan varð sú að jólaballið var haldið kl.17. Sigrún Sigurgeirsdóttir sá um gítarleik á meðan gengið var í kringum jólatréð og Halldóra

Odds dóttir var forsöngvari, en góð þátttaka var í söngnum. Alexander Vigfússon og Páll Kristinn Guðnason vinur hans stóðu sig vel í hlutverki jólasveina og það voru líka skemmtilegar umræður í salnum yfir veitingunum í lokin. Það voru í kringum þrjátíu gestir sem sóttu jólaballið.

### **Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar**

Starfsárið 2023 var eins og síðustu ár vorum með opið tvisvar í viku og svo eftir samkomulagi haldin voru hreindýra próf fyrir UST og eins voru haldin verkleg kennsla fyrir þá sem voru að fá skotvopna leifi í fyrsta sinn en við höfum séð um verklega þáttinn þar.

Nokkrir félagar lögðu land undir fót og kepptu á mótum fyrir austan og norðan bæði í rifil og haglabyssu greinum. En ekki tókst að halda mót hér en við ætlum að koma sterkari inn í árið 2024 og halda mót.

Skotfélagið horfir björtum augum framá árið 2024 og vonast til að geta bæt aðstöðuna en frekar.

Stjórn Skotfélags Hornafjarðar er óbreytt frá síðasta ári.

### **Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar**

Síðasti aðalfundur var haldinn 9. mars 2023 þá voru kosnir í stjórn Kristján Guðnason og Ásgeir Gunnarsson en Halldóra Bergljót Jónsdóttir og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir voru að klára fyrra ár af tveimur. Gestur Halldórsson formaður klúbbsins gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Halldóra Guðmundsdóttir kosin í hans stað. Kosið var í mótastjórn en þar er formaður Jóna Benný Kristjánsdóttir og meðstjórnendur Heiðar Bragi, Kristján Björgvin, Jóhann Kiesel og Halldór Steinar og í afreksnefnd voru kosin Sindri, Ólöf Þórhalla og Halldór Sævar.

Á starfsárinu var haldið áfram með endurbætur og viðgerðir á húsi klúbbsins, nú var komin röðin að gluggum og hurð í þann helming hússins sem hýsir salerni, skrifstofu og salinn undir golfherminn. Í þeim hluta voru settar hitalagnir í gólf, salerni endurnýjuð sem og skrifstofa og eldhús. Skinney-Þinganes styrkti okkur um stóran frystigám sem var byggður upp til hliðar við golfskálann, fyrir skápa til útleigu til félagsmanna. Eins og við vitum eru slíkar framkvæmdir dýrar en hægt hefur verið að spara mikið með fríu vinnuframlagi félagsmanna en einnig manna sem ekki eru í félaginu eins og við gerð skápahúss og ýmsa málningavinnu utan húss. Einnig hafa fyrirtæki lagt okkur lið með vinnutæki og efni og má þar nefna Rósaberg, Mikael hf. og Ómar á Horni.

Um mitt sumar var malbikað bílastæðið við golfskálann og einnig bætt við stéttar í leiðinni, þetta var framkvæmt af sveitarfélaginu og kunnum við góðar þakkir fyrir.

Félagsstarfið var öflugt og mikið fjör í mótahaldi sem formaður mótanefndar mun gera grein fyrir hér á eftir En klúbburinn hélt tvö Íslandsmót sem þóttu takast vel en þar sá Gestur Halldórs um dómgæslu og Gísli Páll var mótastjóri með liðstyrk mótanefndar. Svo má ekki gleyma liðstjórnunum okkar þeim Önnu Halldórs og Sindra Ragnars.

Barna og unglिंगastarf sumarsins var í höndum Halldórs Steinars og Erlu en þau sáu um golfnámskeið fyrir börn sem lauk með móti fyrir þátttakendur. Félagsmönnum úr hópi barna og unglिंगa fjölgað all nokkuð í sumar og vonum við að sú aukning haldi áfram.

En á árinu hélt áfram að fjölga í klúbbnum og þegar flestir voru skráðir voru félagsmenn 157.

Um 30 konur í klúbbnum fjölmenntu í æfingabúðir á Hellishóla líkt og tvö síðustu ár

Vinna við golfvöllinn var ærinn þetta sumarið enda var völlurinn í afar góður standi og hlaut mikið lof gesta og gangandi. Sigurður Hallsson sá um sláttinn eins og nokkur sumur á undan og í ár gátum við ráðið annan starfsmann til að vinna við völlinn en það starf tók Gestur Halldórs að sér. Það er mikill munur fyrir allt starfið að geta haft fleiri en einn mann á launum við vallarvinnuna og má það þakka auknum styrk frá sveitarfélaginu. Það breytir því þó ekki að kalla þarf til sjálfboðaliða til einstakra verka þó það hafi minnkað

Síðasta vetur var stofnuð nefnd um kaup á golfhermi, í henni sátu Hjálmar, Halldór Sævar, Jóna Benný og Gísli Páll. Hlutverk þeirra var að kynna sér hvað væri í boð af golfhermum og finna út hvað myndi henta til kaups fyrir klúbbinn. Er óhætt að segja að nefndin hafi sinnt hlutverki sínu vel og vandað til verka. Nú er hermirinn kominn á svæðið og hafa Hjálmar, Gaui, Benni og Gísli Páll unnið hratt og vel að því að koma honum upp. Einhverjar tilfæringar þarf að gera til að gera aðstöðuna sem besta en við hlökkum til að geta byrjað sem verður vonandi sem fyrst.

Kristín Jóns sá um skálann í sumar og færum við henni bestu þakkir fyrir samveruna og samskiptin. Nú hafa nýir aðilar tekið við en það eru þær Vigdís María og Heiða Vilborg við bjóðum þær velkomnar og hlökkum til sumarsins með þeim.

Með auknum fjölda félagsmanna, fjölda ferðamanna sem kom og spila golf og stærri móta aukast umsvifin og verkefnum fjölgar. Þetta þýðir að stór hópur fólks er tilbúið að koma og leggja hönd á plóg hjálpa til eins og hægt er. Ég vil því þakka öllum sem lagt hafa til vinnu í þágu klúbbsins á árinu kærlega fyrir, án sjálfboðaliða gengur svona félag ekki.

Við þökkum einnig styrktaraðilum okkar fyrir stuðningin á árinu.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars.

Hornafirði, 25. janúar 2023

Halldóra Katrín Guðmundsdóttir

### **Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings**

Félagshesthús. fyrstu hross voru tekinn inn í Félagshesthús í Nóvember og voru stíur að mestu fullnýttar allan veturinn og þar af voru 9 stíur nýttar af börnum og unglíngum. Sett var upp gjafakerfi þannig að stíunum var skipt niður í 4 gengi sem skiptu svo vikulega kvöldgjöfunum á milli síns og gekk það vel en Jóna sá um morgungjafir.

Reiðhöllin var vel nýtt í vetur bæði var fólk duglegt að þjálfa og temja og eins voru nokkuð margir dagar þar sem hún var upptekin vegna námskeiða.

Mótanefnd setti upp Vetrarmótaröð þar sem fyrirkomulagið var meðal annars liðakeppni og var það mjög skemmtilegt en þó mættu fleiri taka þátt þetta er jú til gamans gert.

Firmanefnd stóð sig með eindæmum vel í söfnun Firma og fá mikið hrós fyrir

Firmamót var haldið 1.Maí og voru yfir 20 skráningar þar og svo var kökuhlaðborð hjá veitinganefnd í Stekkhól á eftir sem er alltaf jafn vinsælt.

Hafrún setti upp Meistaradeildina í Hestaþróttum í Stekkhól í Vetur en því miður hitti það stundum á aðra viðburði og eins var frekar lítill áhugi á að mæta og horfa á hana, líka kannski hægt að kenna Alendis um það þar sem útsendingarnar frá þeim eru ansi misjafnar.

Auður Sigurðardóttir Hestanuddari kom til okkar eina helgi í mars og hélt bæði bóklegt og verklegt námskeið í líkamsfræðum Hesta og tóku 12 félagar þátt í því.

Til stóð að hingað kæmu Hrossaræktarráðanautar í Apríl og héldu fund en hann forfallaðist vegna ófærðar.

Farið var af stað með að athuga með að fá námskeiðið Reiðmanninn sem Landbúnaðar Háskólinn á Hvanneyri er með en ekki varð af því vegna dræmrar þátttöku en þess í stað vorum við með Knapamerkin sem er 5 stiga nám frá Háskólanum á Hólum og var það vel sótt.

Eitthvað var minna um skipulagðar útreiðar þetta árið en undanfarin ár en helst ber að minnast að á Gamlaárdag fór fámennur hópur Öddahringinn, Páskaútreiðin var farin á Skírdag og voru yfir 20 manns sem fóru Minkahringurinn og svo voru einhverjir fleiri reiðtúrar sem fór minna fyrir. Þess ber líka að geta að það var nokkuð oft farið með Hross í rekstur, tvo Öddahringi í einu eða 7 km. Og er bara orðið nokkuð vinsælt og taldi hátt í 50 Hross í eitt skiptið.

Bjarney Anna Þórsdóttir tók að sér að teikna upp Logo Hornfirðings og setja á stafrænt form og fórst það vel úr hendi og færum við henni kærar þakkir fyrir.

Stekkhóll var eitthvað leigður út til veisluhalds og svo sem litlar tekjur af því í samanburði við lágmarksviðhaldskostnað á húsinu. Gunnar Þorsteins og félagar smíðuðu 3 glugga og skiptu um í Stekkhól sem voru ónýtir og lak inn um.

Hátalarakerfið okkar fór að gefa sig (dóu 2 Hátalar) og var því fjárfest í 2 nýjum hátölurum.

Eyjólfur tók að sér að koma með Ýtu og jafna úr haugum við suðurenda á Félagssvæðinu og miðar því verki áfram. Hringvöllurinn þarfnast viðhalds, þarf að fara keyra efni í hann og eins þarf að vinna á grasrótinni sem vex eins og eldur í sinu inn í Hringvöllinn.

Reiðvegamáli. Keyrt var hörpuðu efni ofan á ca 1,8 km á Öddahringnum þar sem hafði verið lagður nýr vegur á kafla og eins er núna í vinnslu með að fá Landgræðsluna til að leggja fjármagn í að laga 100 metra kafla á bökkum Hoffellsár þar sem Hoffellsáin er búin að taka Reiðveginn.

Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir Fjórðungsmót var haldið daganna 23. og 24. Júní sem var aðeins með breyttu sniði þ.e.a.s. héldum það Föstudag og Laugardag og ríkti almenn ánægja með það þó rignt hafi nokkuð á Laugardeginum og Völlurinn orðin blautur og leiðinlegur þá svo sem rigndi meira á Sunnudeginum, en það voru 60 skráningar á mótið sem gekk mjög vel og margar flottar sýningar sérstaklega hjá yngri kynslóðinni.

Formaður hefur þó áhyggjur af því að halda Félagsmót orðið, þegar varla fæst orðið fólk til að vinna við það, en þó að þetta mót hafi og gengið þokkalega vel þá er þetta alveg komið að þolmörkum að það sé framkvæmanlegt vegna manneklum en vonandi batnar það.

Fjórðungsmót Austurlands var haldið hjá Freyfaxa á lðavöllum dagana 6. til 9. Júlí. í blíðskaparveðri og voru í kringum 20 skráningar frá Hornfirðingi á mótinu og að auki nokkrir Hestar frá Hornfirðingi sem voru skráðir undir öðrum Félögum. Aðstaða var góð og allt til fyrirmyndar hjá félögum okkar í Freyfaxa og færum við þeim kærar þakkir fyrir okkur.

Stjórn HH.

### **Ársskýrsla Klifurfélags Öræfa**

Árið hófst á því að við birtum merki félagsins á samfélagsmiðlum KFÖ en þetta hafði staðið til lengi. Káraskjól var eitthvað opið fyrir félagi en starfið hefur verið rólegt innan félagsins. Stóru fréttir ársins

voru að KFÖ var loksins samþykkt inn í USÚ (ungmennasambandið Úlfljóttur) og er nú loksins orðinn formlegur félagi í íþróttahéraðinu okkar. Til þess að þetta gerðist hafa félagar mætt á árleg USÚ þing en það er forsenda fyrir því að félög fái greitt úr sjóðnum. Að þessu sinni mættu Árni Stefán, Courtney, Íris, Lóa Þórðar og Sigrún. Sem betur fer var svona góð mæting úr Örafum því einungis munaði einu atkvæði á að KFÖ fengi inngöngu. Við vorum virkilega ánægð með þennan góða sigur sem við höfum unnið að frá stofnun félagsins og nú fáum við um 150.000 styrk frá USÚ á hverju ári. Á þinginu var rædd sameining íþróttahéraða til austurs eða suðurs. Sumarið var virkilega gott til klifurs og því var lítið opið í Káraskjólí. Árni Stefán hélt áfram að bolta leiðir á Hnappavöllum með boltum úr boltasjóði. Ekkert barnaklifurnámskeið var haldið þar sem ekki fengust leiðbeinendur til kennslu. Athuga þarf að skipuleggja þetta starf með betri fyrirvara. Ekkert krakkaklifur hefur verið í Káraskjólí þar sem Mery og Courtney hafa báðar flust af svæðinu. Félagið ætti að reyna að leita að einstaklingi sem getur tekið þetta að sér. Við höldum áfram að vekja athygli á því að Káraskjól sé ekki íþróttahús. Nú er verið að vinna að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og (næstum) staðfest að fjármagn verði sett í að þarfagreina fjölnota íþróttahús og gera grunnhönnun. Þetta er virkilega jákvætt skref og við munum halda áfram að berjast fyrir þessu. Vinna félagsins við fjallaskála á Sandfelli er á ís þar sem að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Sandfell verður ekki tilbúin fyrr en í júní 2024. Félagar KFÖ mættu á fund með VJP og lögðu áherslu á þörfina á fjallaskála og vonast þar með að lóð undir fjallaskála verði sett inn í stjórn og vernd. Ef svo verður getur hver sem er sótt um lóðina, en þetta verður tíminn að leiða í ljós. Félagar KFÖ funduðu aftur með sveitarstjóra sem er enn mjög jákvæður fyrir þessum áformum og sagðist tala málstað okkar á fundum með VJP. Formaður sótti um styrk til sveitarfélagsins fyrir rekstri KFÖ vegna barna- og byrjenda námskeiðs í klifri sem hægt væri að halda innanhúss og utan á Hnappavöllum á vormánuðum ef styrkur fæst. Stjórn stefnir á að versla boli merka félaginu. Svanhvít Helga tók sæti í nefnd KÍ sem vinnur að aðgengismálum fyrir klifursambandið en talsverðar breytingar hafa átt sér stað varðandi aðgengismál og því er vert að klifursambandið vinni markvisst að því að tryggja aðgengi klifrara að klifursvæðum landsins. Íris sat formannafund KÍ en þar kom fram að við getum leitað til KÍ varðandi aðstoð við að sækja styrki. T.d. getur félagið sótt um styrk til UMFÍ og sent meðlimi á þjálfara og leiðasmíðanámskeið en það gæti verið eitthvað sem félagið gæti nýtt sér.

### **Ársskýrsla Ungmennafélagsins Vísis**

Árið 2023 byrjaði með því að formaður sendi inn umsókn til Sveitarfélagsins þess efnis að Umf. Vísir fengi aðstöðu í Hrollaugsstöðum til að setja þar upp í félagsmiðstöð í kjallaranum ásamt geymslu fyrir áhöld. Jafnframt var sótt um styrk til áhaldakaupa. Til að gera langasögu stutta þá voru svör við þessu öll jákvæð. Félagar Umf. Vísis tóku sig til í dymbilvikunni 2023 við að mála og teppaleggja herbergi í kjallaranum og setja þar upp píluspjöld, þythökkí og poolborð. Aðstaðan stendur nú félagsmönnum Vísis opin gegn því að ábyrgðarmaður sé með í fylgd. Foreldrar í sveitinni hafa þónokkuð nýtt þessa aðstöðu til að hittast með börn sín síðastliðinn vetur og hafa gaman saman en aðstaðan er ekki síður ætluð eldri félagsmönnum til að koma saman og skemmta sér og hefur formaður óspart nýtt sér hana.

Hápunktur ársins var innanhúss frjálsíþrótt mót sem haldið var á 111 ára afmælisdegi Vísis. Halda mætti langa tölu um þá samkomu en þangað mættu 80 manns, 49 keppendur á aldrinum 6-78 ára reyndu sig í keppni. Keppt var í stökkum án atrennu, kúluvarpi, og spretthlaupi. Verðlaun fyrir bestu afrek mótsins hlutu Björn Borgþór Þorbergsson fyrir 1,35m í hástökki (á gallabuxum) í flokki 60-64 ára og Hanna Jónsdóttir fyrir 1,95m í langstökki án atrennu í flokki 45-49 ára. En þess skal einnig geta að síðar kom í ljós að Gunnhildur Ingimarsdóttir var fyrsta kona í flokki 65-69 ára til að fá skráðan árangur

bæði í langstökki og þrístökki án atrennu sem telst því jafnframt Íslandsmet í þeim flokki, sama gilti um þrístökk Birnu Aðalsteinsdóttur í 60-64 ára flokki og kúluvarp Torfhildar Hólm í flokki 75-79 ára.

Að móti loknu fengu keppendur þáttökuverðlaun og gæddu sér á kökuhlaðborði.

Mikil ánægja var með mótið og mun það sannarlega verða endurtekið.

Fáni var dreginn að húni í fyrsta sinn í langan tíma í Hrollaugstöðum en Vísir kom þar aftur upp fánastöng og flaggaði þegar félagið hélt 17. Júní-gleði í blíðskaparveðri á íþróttavellinum við Hrollaugsstaði. Mæting var góð, yfir 70 manns. Fjölskyldan í Lækjarhúsum kom með hross og teymdi undir börnum, farið var í hefðbundna leiki svo sem ýmiskonar boðhlaup, pokahlaup, reypitog og margir gestir reyndu sig einnig í langstökki. Ferðaþjónusturnar á Gerði og Hala buðu gestum upp á ís og svala með pulsum sem voru í boði SS.

Spilaður var fótbolti á sunnudagskvöldum í Hrollaugstöðum yfir sumarið líkt og síðastliðin sumur. Og mæting líkt og áður að jafnaði um 15 í hvert skipti.

Vísir stóð fyrir spilakvöldi og bíósýningu fyrir börn um jólin og bridge deild félagsins hefur staðið fyrir sínu og spilað bridge í Hrollaugstöðum í vetur líkt og síðustu vetur.

Loks skal þess getið að 26 nýir félagar gengu í Vísi árið 2023 og eru nú 102 á félagaskrá.

Ungmennafélagskveðjur

Bjarni Malmquist Jónsson - formaður Umf. Vísis

**Skýrsla hafði ekki borist frá Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu þegar gengið var frá ársritinu.**

---

**Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.**